



Barnamenningsráðgjafi Íslands

Fjárlaganefnd Alþingis, nefndasvið,
Austurstræti 8 – 10, 101 Reykjavík.

Reykjavík 26.nóvember 2020

Umsögn um fjárlagafrumvarp 2021

Stjórn Barnamenningsráðgjafa Íslands vill koma á framfæri við fjárlaganefnd Alþingis athugasemdum við frumvarp til fjárlaga 2021, en í frumvarpinu er gerð 2ja milljóna króna hagræðingarkrafa á sjóðinn á næsta ári og aftur 2022 og loks 900 króna krafa 2023, sjá bls. 88 í áætlun í fylgiriti með frumvarpinu, fjárlagaliður 02-982-152.

Í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis á Íslandi gaf Alþingi íslenskum börnum rausnarlega gjöf, **Barnamenningsráðgjafi Íslands**, sem fékk það hlutverk að styðja við list- og menningartengd verkefni fyrir börn og með börnum. Samþykkti Alþingi ályktun á hátíðarfundum Alþingis á Þingvöllum 18. júlí 2018 þar sem segir: *Stofnaður verði Barnamenningsráðgjafi Íslands sem njóti framlaga af fjárlögum næstu fimm ár, 2019–2023, 100 millj. kr. á ári.* Skyldi veitt úr sjóðnum árlega á degi barnsins. [Fyrsta úthlutun](#) úr sjóðnum fór fram 26. maí 2020 við hátíðlega athöfn í Þinghúsinu, þar sem 36 verkefni hlutu stuðning. [Önnur úthlutun](#) fór svo fram 24. maí sl. í Hörpu, þar sem 42 verkefni hlutu stuðning.

Nú ber svo við öðru sinni, að í frumvarpi til fjárlaga eru framlög til Barnamenningsráðgjafa skert í ljósi hafræðingarkröfu sem er hluti af forsendum frumvarpsins. Það sama átti sér stað þegar frumvarp til fjárlaga 2020 kom fram. Þá, eins og nú, ritaði stjórn sjóðsins fjárlaganefnd Alþingis bréf sama efnis og það sem nú er sent nefndinni. Brást nefndin afar vel við erindinu og færði mál til betri vegar. Stjórn sjóðsins vonar sannarlega að nefndin bregðist eins við nú. Rökstuðningur beiðinnar er sá að eigi aðhaldskrafa að gilda um Barnamenningsráðgjafi verður hún því aðeins framkvæmd að klipið veði af gjöf Alþingis til íslenskra barna, sem að mati stjórnar fer gegn vilja löggjafans eins og honum er lýst í ályktun Alþingis frá 2018.

Máli okkar til stuðnings skal þess getið að stjórn sjóðsins hefur gætt þess aðhalds sem henni er framast unnt, þannig fækkaði stjórnin í matsnefnd sjóðsins úr fimm við fyrstu úthlutun í þrjá þegar úthlutað var sl. vor, til að draga úr umsýslukostnaði sem greiddur er úr sjóðnum. Þetta höfum við gert til að tryggja að gjöf Alþingis skerðist óverulega vegna stjórnunarkostnaðar.

Það er von okkar að Alþingi lagfæri fyrirbyggjandi frumvarp til fjárlaga 2021 og tryggi Barnamenningsráðgjafi 100 milljónir króna á ári fram til ársins 2023.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Barnamenningsráðgjafa Íslands,

Kolbrún Halldórsdóttir, formaður